

## Fundur hjá stjórn nemendafélagsins 13. febrúar 2026

**Mætt:** Auðunn Ármann Sindrason og Brynja Rósanna Brynjólfsdóttir úr 7. bekk, Svanborg Alma Ívarsdóttir og Hólmar Thor Jónsson úr 8. bekk, Birkir Heiðberg Jónsson og Júlía Marín Helgadóttir úr 9. bekk, Hafþór Ingi Brynjólfsson og Emilía Ragnheiður Barðdal Róbertsdóttir úr 10. bekk. Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

### Dagskrá:

- Skólaráðsfundur
- Skólasterfið framundan
- Valgreinar næsta skólaárs
- Önnur mál

Skólaráðsfundur var haldinn 11. febrúar. Hafþór Ingi var mættur þar. Mest var rætt um lesfímipróf og stöðu- og framvindupróf sem lögð verða fyrir í mars.

Rætt um vikurnar framundan. FNV dagurinn fyrir 10. bekkina verður í lok mars. Þann dag er 10. bekkungum boðið til kynningar- og skemmtidagskrár í FNV. Ásamt því að vera boðið í skoðunarferð um húsakynni fjölbrautaskólans er starfsemin og skólasterfið kynnt verðandi framhaldskólanemum. Þeim er einnig boðið í mat á heimavist skólans og á leiksýningu nemendafélagsins í Bifröst.

Deildarstjóri fór yfir skipulag og fyrirkomulag leikrits 10. bekkina. Áhersla er lögð á að ferlið í kringum æfingar og sýningar á leikverkinu er nám þátttakenda á meðan á því stendur, nám sem inniheldur leiklist, sönglist, samskipti, framsögn og margt fleira. Árskóli mun taka þátt í undankeppni Skólahreysti sem fram fer á Akureyri í apríl. Vorferðalög og skólaferðalög stuttlega rædd. Þau á flest eftir að dagsetja þó annað liggi ljóst fyrir. Skólaferðalag 10. bekkina til Danmerkur verður t.a.m. farið dagana 18.-22. maí nk.

Deildarstjóri fór yfir valgreinar sem kenndar eru þetta skólaár í 9. og 10. bekk og bað fundarfólk um að hugleiða, fram að næsta fundi, hvort þeim dytti eitthvað í hug sem gæti farið vel í flóru valgreina í Árskóla.

Önnur mál:

- Rætt um leiðir til að láta nemendur vita þegar valgreinar falla niður vegna forfalla kennara. Reynt er að auglýsa slík forföll á upplýsingatöflu á Þekju.

## Fundur hjá stjórn nemendafélagsins 22. apríl 2026

**Mætt:** Auðunn Ármann Sindrason og Brynja Rósanna Brynjólfsdóttir úr 7. bekk, Svanborg Alma Ívarsdóttir og Hólmar Thor Jónsson úr 8. bekk, Birkir Heiðberg Jónsson og Júlía Marín Helgadóttir úr 9. bekk, Hafþór Ingi Brynjólfsson og Emilía Ragnheiður Barðdal Róbertsdóttir úr 10. bekk. Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

### Dagskrá:

- Háskólalestin í Árskóla 16.-18. apríl
- Skólaráðsfundur
- Skólalok þessa skólaárs
- Næsta skólaár 2026-2027
- Önnur mál

Farið yfir heimsókn Háskólalestarinnar í Árskóla. Ljóst er að mikil ánægja er með þessa daga. Kristbjörg las fyrir nemendur upp úr tölvupósti frá lestarstjóra Háskólalestarinnar. Þar kom fram mikil ánægja með nemendahópinn, sem tók þátt í smiðjunum á föstudegi. Nemendur þóttu þrúðir, kurteisir og áhugasamir um smiðjurnar og viðfangsefni þeirra. Einnig var lýst yfir ánægju með fjölda gesta í opið hús á laugardeginum. Háskólalestinni kom skemmtilega á óvart sá mikli fjöldi sem heimsótti skólann þann dag.

Skólaráðsfundur var haldinn 15. apríl sl. Hafþór Ingi og Emilía Ragnheiður sátu þann fund fyrir hönd nemenda. Margt bar á góma á þeim fundi, s.s. skólastarf í 10. bekk og myndatökur á vegum foreldrafélagsins.

Rætt um vikur þær sem eftir eru af þessu skólaári og helstu viðburðir tilteknir. Árskóli tekur þátt í Skólahreysti á Akureyri 29. apríl. Þar keppa fyrir okkar hönd nokkrir nemendur úr 9. bekk: Emilía Rós, Sigurjóna Sóldís, Árni Heiðar, Grétar Freyr, Tinna Sól og Aron Gabríel. Farið stuttlega yfir vorferðalög árganga.

Undir liðnum skólaárið 2026-2027 var eitt og annað rætt. Umræður urðu t.a.m. um valgreinakenndu í Árskóla. Mikil ánægja virðist vera með greinarnar sem kenndar eru í FNV og nefndu 10. bekkingar sérstaklega nýja valgrein, upplýsingatækni, sem er hugsuð sem undirbúningur fyrir 10. bekkinga áður en þeir fara í framhaldsskóla. Umræða um sérstaka daga á Þekju að vori þar sem ákveðin þemu myndu einnkenna einstaka daga. Nefndur var treyjudagur, sumardagur og fatnaður tengdur ákveðnum tímabilum. Fundur var haldinn í Bifröst í vikunni. Þar funduðu Árskóli, FNV, Leikfélag Sauðárkróks og rekstraraðilar Bifrastar. Umræðuefnið voru sýningar í Bifröst á næsta skólaári.

Önnur mál:

- Nemendur óska eftir að athugað sé hvort betra væri að vera með mjólkurvél í matsalnum heldur en fernur.
- Í vinaliðafrímínútum 29. apríl verður 7. bekk boðið að taka þátt með unglíngastígs nemendum.
- Skólablaðið Glóðafeykir kemur út í apríl.